



Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Q1-3/2010

Vefumsjón: Áki G. Karlsson



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

2010

Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Eftirfarandi er skýrsla um notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2010. Skýrslan er unnin upp úr gögnum Modernus sem sér um virka vefmælingu fyrir yfir hundrað íslenska vefi og er því gott tæki til að bera saman umferð. Skýrslan fjallar um notkun á þrettán vefjum sem er haldið úti á vegum safnsins eða tengjast því beint.

Samkvæmt lista Modernus þá náði Tímarit.is hæst í 28. sæti á heildarlistanum í 33. viku. Aðalvefurinn náði á sama tíma í 85. sæti af 121 mældum vef. Vísindavefurinn var á sama tíma í 25. sæti og Gegnir í 43. sæti. Ef lítið er til sætis á listanum sést að Tímarit.is fór fram úr Gegni í vinsældum um mánaðarmótin mars-apríl og hefur haldið áfram að hækka eins og sjá má á grafinu hér fyrir neðan. Á grafinu sést vel að sumartími háir tímarit.is lítið samanborið við aðalvef safnsins, hvar.is og Gegni.

Fyrr á árinu urðu breytingar á forsendum í mælingu Modernus þannig að liðurinn "vikulegir notendur" sem við miðuðum áður við datt út. Hins vegar er nú hægt að sækja sögulegar sambærilegar tölur þannig að hægt er að bera gengi einstakra vefja milli ára. Miðað við þær tölur hefur orðið mikil aukning á notkun Tímarit.is og Skemmunnar (þótt tekið sé tillit til þess að mælingar á henni hófust ekki fyrr en 1. mars 2009). Talsverð aukning varð á flettingum á kortavef og vef Kvennasögusafns en flettingar á öðrum vefjum safnsins minnkuðu milli ára.


Mesta athygli vekur sú aukning sem hefur orðið á notkun Skemmunnar. Leitarvélar vísa talsvert í þann vef og virðist sem notkun hans sé ekki bundin við háskólasamfélagið. Í sumar var fjöldi notenda Skemmunnar hærri en fjöldi notenda að aðalvef safnsins. Vefurinn er nú kominn í endanlegt útlit.

Notkun á handrit.is tók stökk í apríl þegar vefurinn var opnaður en minnkaði eftir það enda farið að líða að sumri þegar umferð á flesta vefi safnsins tekur tímabundna dýfu. Nú í haust virðist notkunin aftur á uppleið og verður athyglisvert að fylgjast með henni næstu mánuði. Notkun kortavefjarins jókst mikið milli ára og er þar fyrst og fremst um að ræða umferð erlendis frá. Kortavefurinn fór í vor á nýtt lén, islandskort.is, sem virðist hafa bætt stöðu hans í leitarvélum til muna. Endurskoðun á kortavefnum stendur nú yfir og er nýrrar útgáfu að vænta í vetur.

Þau mistök voru gerð að mælingar á vef Kvennasögusafns féllu niður frá útgáfu nýja vefjarins 1. september og fram í október. September og októbertölurnar eru því ekki marktækar og verður að byggja á síðari tölum til að sjá hvort nýtt útlit hefur einhver áhrif á aðsókn að vefnum. Annar vefur sem nú er í endurskoðun er hvar.is.




13. október, 2010
Áki G. Karlsson, vefstjóri

Sæti fjögurra vefja á lista Modernus eftir vikum




Fjöldi notenda*


	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls	1-3/2009
timarit.is	14.121	17.972	22.235	32.997	28.171	23.766	25.533	32.591	36.520				233.906	90.763
landsbokasafn.is	9.452	10.700	12.608	13.786	8.587	4.750	4.069	5.841	13.214				83.007	78.962
skemman.is	8.961	9.513	10.450	9.396	8.677	5.792	4.942	8.369	12.488				78.588	32.395
hvar.is	6.002	6.863	6.692	5.706	3.541	2.535	2.152	3.287	7.114				43.892	51.364
handrit.is	1.104	1.141	1.068	2.146	1.743	1.081	1.072	1.370	1.926				12.651	N/A
doktor.bok.hi.is	1.704	1.526	1.572	1.314	939	738	918	1.257	1.163				11.131	11.538
islandskort.is	734	723	1.030	1.604	2.358	2.596	640	562	582				10.829	6.302
vefsafn.is	928	938	780	681	637	507	482	562	785				6.300	N/A
utgafuskra.is	781	729	868	692	411	419	629	735	749				6.013	9.083
sagnanet.is	674	596	588	584	455	313	365	457	503				4.535	5.576
jonashallgrimsson.is	379	367	545	543	508	261	215	253	443				3.514	6.111
hask.bok.hi.is	158	170	154	114	144	145	83	134	143				1.245	1.513
kvennasogusafn.is	169	163	216	156	161	122	124	117	32				1.260	947



Hlutfall notenda frá vefsli bókasafnsins sjálfs






Hlutfall notenda frá Íslandi



* Fjöldi notenda segir til um það hversu margar IP-tölur hafa komið inn á vefinn á hverjum degi. Þessi tala er í raun tilraun til að svara spurningunni „hversu margir nota vefinn?“, en talningin tekur t.d. ekki tillit til þess að sami notandinn getur notað vefinn með mismunandi tölvum. Þessi mæling er sú sem oftast er notuð til að bera saman vinsældir vefja.

Fjöldi innlita*





	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls Q1-3/2009	Alls Q1-3/2010
timarit.is	25.027	30.898	38.060	51.699	43.720	37.192	39.462	50.079	56.201				372.338	166.326
landsbokasafn.is	15.549	17.328	20.674	21.514	14.491	8.649	6.912	9.926	21.272				136.315	140.209
skemman.is	13.672	15.071	17.281	18.530	15.901	9.014	7.212	11.704	19.839				128.224	48.672
hvar.is	12.283	14.351	14.432	12.860	7.613	6.076	4.990	6.877	14.768				94.250	108.339
handrit.is	1.461	1.689	1.656	2.758	2.350	1.752	1.708	2.137	2.970				18.481	N/A
doktor.bok.hi.is	1.857	1.650	1.719	1.438	1.037	835	989	1.390	1.309				12.224	12.796
islandskort.is	822	813	1.117	1.655	2.502	2.722	714	611	683				11.639	6.964
vefsafn.is	1.207	1.288	1.134	995	982	760	714	784	1.085				8.949	N/A
utgafuskra.is	834	775	925	726	463	458	652	748	790				6.371	9.633
hask.bok.hi.is	700	716	909	594	693	758	434	725	794				6.323	7.010
sagnanet.is	737	674	645	669	496	345	402	493	599				5.060	6.517
jonashallgrimsson.is	429	449	689	707	595	299	257	287	532				4.244	7.132
kvennasogusafn.is	213	213	271	200	220	223	185	151	41				1.717	1.255



* **Fjöldi innlita** segir til um það oft vefurinn var heimsóttur í hverjum mánuði. Fjöldi innlita er hærrí í fjöldi notenda af því að sami notandinn getur heimsótt vefinn oftari en einu sinni. Hvað telst sama heimsókn og hvað telst ný heimsókn miðast við lengd setu, en ein seta rennur út eftir vissari tíma sem skilgreindur er af vefþjóni viðkomandi vefs.

Síðuflettingar*

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls	Q1-3/2009
timarit.is	496.434	548.476	588.975	602.033	589.580	524.658	519.065	540.591	653.326				5.063.138	3.095.875
skemman.is	98.855	92.264	109.002	145.166	167.454	86.760	52.636	86.806	142.017				980.960	416.549
landsbokasafn.is	42.403	44.859	54.148	48.793	39.115	27.103	19.440	27.446	57.340				360.647	410.749
hvar.is	24.860	29.219	28.678	26.571	17.571	12.822	9.727	12.322	30.364				192.134	215.297
handrit.is	8.986	14.551	12.310	21.907	18.256	15.422	16.382	17.430	22.602				147.846	N/A
vefsafn.is	10.561	12.090	10.143	10.616	10.084	7.813	8.212	8.407	10.341				88.267	N/A
islandskort.is	8.334	8.284	6.660	7.884	10.386	9.947	4.788	5.219	11.065				72.567	57.733
hask.bok.hi.is	3.560	3.717	4.808	3.013	3.976	4.972	2.212	3.711	4.324				34.293	48.957
doktor.bok.hi.is	4.551	3.968	4.347	3.633	3.284	2.692	2.749	3.998	3.681				32.903	40.949
jonashallgrímsson.is	1.101	1.886	2.796	2.796	2.383	1.218	967	994	1.907				16.048	22.373
utgafuskra.is	1.653	1.905	2.102	1.527	1.933	1.088	1.118	1.289	1.535				14.150	19.642
sagnanet.is	1.677	1.442	1.475	1.511	1.238	894	940	1.031	1.280				11.488	13.875
kvennasogusafn.is	863	577	754	564	712	1043	486	455	200				5.654	3.215



* **Síðuflettingar** segja til um það hversu margar síður hafa verið sóttar frá viðkomandi vef í hverjum mánuði. Þær segja því til um það hversu mikið efni er skoðað á vefnum. Síðuflettingar eru þannig miklu hærrí en fjöldi notenda og innlita því hver notandi skoðar gjarnan fleiri en eina síðu á vefnum í hverju innliti. Þetta er þó mjög misjafnt og fer eftir því hvers eðlis viðkomandi vefur er; sumir vefir eru þannig að notendum er nóg að líta á forsiðuna í hvert skipti til að nálgast þær upplýsingar sem þá vantar, meðan aðrir eru þannig að notandinn þarf að kafa eftir upplýsingum.